

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 666/2003

frá 11. apríl 2003

um að leyfa til bráðabirgða notkun tiltekinna örvera í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema leyfi Bandalagsins hafi verið veitt fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni, sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE og tekur til örvera, má veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til notkunar í fódri, að uppfylltum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, og ef ástæða er til að ætla, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að það hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára.
- 3) Mat á leyfisumsókn, sem lögð er fram vegna örverublöndunnar sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð, sýnir að skilyrði 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt.
- 4) Örverublandan skal því leyfð til bráðabirgða í fjögur ár.

- 5) Vísindanefndin um fódur hefur skilað jákvæðu álit um öryggi örverublöndunnar, sem er í flokknum „örverur“, með þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, fyrir smágrísi og eldisgrísi.
- 6) Mat á umsókninni sýnir að ákveðnar verklagsreglur eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem tilgreind eru í viðaukanum. Slík vernd er þó tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að nota aukefnið í flokknum „örverur“, sem um getur í viðaukanum, sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Þyrpingafjöldi (CFU)/kg heilföðurs			
Örverur								
22	Enterococcus faecium DSM 7134	Blanda með <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki: Duftform: 1×10^{10} CFU/g aukefnis Korn (örhylkjuð): 1×10^{10} CFU/g aukefnis	Mjólkurgrísir Eldissvín		$0,5 \times 10^9$ $0,2 \times 10^9$	4×10^9 1×10^9	Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun bæði fyrir aukefnið og forblönduna	15.4.2007